

Stjórnarfundur 1.des 2011 í Digranesi

Mættir: Anna María, Brynhildur, Karen, Selma, Sigurður, Sólveig og Særún

Fundur settur kl 19:50

Dagskrá:

1. Innheimta árgjalda

Listinn yfir foreldra/forráðamenn vegna árgjaldanna er tilbúinn.

Semja þarf bréf til að senda út til foreldra þar sem tilgreint er í hvað árgjaldið er notað.

Afgreiða það á fyrsta stjórnarfundum eftir jól og senda út um leið og árgjaldið er sent í heimabanka.

2. Símaskrá

Töluverður kostnaður er við að prenta símaskrá. Ákveðið að senda út símaskrána rafrænt á pdf-skjali. Þar verði upplýsingar um bekkjarkennara, bekkjarfulltrúa ásamt nafni barns, heimilisfangi og símanúmeri. Karen er að vinna því að setja upp hvern bekk.

3. Niðurstöður hópavinnu á fulltrúaráðsfundi

- Ýmsar hugmyndir komu fram um afmæli. Særún ætlar að setja saman leiðbeinandi reglur eftir þessum hugmyndum og þær verða síðan settar inn á heimasíðuna.
- Stefna að því kynna foreldrasamninginn á fulltrúaráðsfundum seinna í vetur. Skipta eftir stigum því að samningurinn er misjafn eftir stigum.
- Ábending kom um að foreldrafélagið kynni starf bekkjarfulltrúa en ekki kennararnir. Eðlilegast að bekkjarfulltrúarnir kynni starfið og sjái til þess að valdir séu nýir fulltrúar.
- Ábending kom um að virkja þurfi betur nýbúaforeldra. Fá ráð og upplýsingar hjá Guðlaugu aðstoðarskólustjóra hvernig foreldrafélagið getur náð betur til foreldra t.d. varðandi póst sem þarf að senda út.
- Ákveðið að Særún fari með kvörtun inn á skólaráðsfund vegna ábendinga sem komu um að börn séu látin tína rusl á skólalóðinni og séu að finna sprautunálar og smokka.
- Hvað á matarnefndin að gera? Skrifa þarf starfsreglur fyrir nefndina áður en hún fer til starfa og í samvinnu við skólann. Þarf að skoða nestið og setja reglur um það?
- Niðurstöðurnar frá fulltrúaráðsfundinum eru á heimasíðunni undir fundargerðir fulltrúaráðsfunda.

4. Röltfundur Samkóps

Karen og Sólveig fóru á fund Samkóp og lögreglunnar um foreldraröltið en Sigurður sér um röltið fyrir Samkóp.

Lögreglan lagði áherslu á að ekki mætti hætta að röltta þótt unglingar séu lítið á ferðinni. Röltið viðheldur þeim árangri sem náðst hefur. Lögreglan lýsti ánægju sinni með það að farið sé inn á barina í Engihjalla á foreldraröltinu.

Fylgjast þarf betur með hvernig röltið mannast.

5. Foreldradagur Heimilis og skóla

Sigurður fór á málþing sem haldið var á þessum degi og sagði stuttlega frá nokkrum þáttum.

Þar kom fram m.a. að lykilatriði er að virkja bekkjarfulltrúana til starfa en stjórnin sé ekki að gera allt.

Sagt frá námskeiðum sem öllum foreldrum í Reykjanesbæ býðst að fara á. Ákveðið að ræða á næsta fundi hvort við viljum leggja e-ð af árgjaldinu í námskeið.

6. Önnur mál

Fram hefur komið að skólaliðum hefur fækkað mjög frá sameiningu og einungis tveir séu úti í frímínútum. Ákveðið að Særún fari með það erindi inn á skólaráðsfund að stjórn fái upplýsingar um hvernig vinnuskipulag skólaliðanna er, hversu margir séu úti í frímínútum og hvort standi til að fækka skólaliðum enn meir.

Fundi slitið kl 21.